

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
SF-2583 Leikskólinn Tjarnarskógur- Skógarlöndum	Skógarlönd 5 700 Egilsstaðir	Íris Magnúsdóttir Starfsmaður

Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu
Reglubundin skoðun	20.12.2019	11.2.2020

Skoðuð voru og tekin afstaða til 14 skoðunatriða af 61. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávik	Frávik
	12.1.3 Salerni
	12.1.9 Húsnæði
	12.4.3 Öryggi

#### Aðrar athugasemdir

#### Eftirlitsskýrsla 2019 - Leikskólinn Tjarnarskógur, Skógarland.

Eftirlit fór fram í samræmi við ákvæði laga um matvæli nr. 93/1995 m.s.br., laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerðum sem byggja á áðurnefndum lögum, sem og í samræmi við starfsleyfi starfsstöðvar.

Undirrituð skoðaði allt húsnæði leikskólans og leiksvæðið í kring. Eftirlitsnóta var fyllt út og afrit skilið eftir á skrifstofu leikskólastjóra. Eftirlitið var að mestu framkvæmt án fylgdar en með vitund starfsmanna. Leiksvæðið var skoðað í samræmi við reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Í eftirlitinu var lögð áhersla á þau atriði sem að út af stóðu frá eftirliti 2018

Athugið að þessi skýrsla tekur aðeins til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.

#### Starfsstöð

Leikskólinn Tjarnarskógur-Skógarlöndum  
Skógarlönd 5  
700 Egilsstaðir  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 4810043220

#### Starfsemi

Hollustuhættir - 4 - 1 - Leiksvæði  
Hollustuhættir - 6 - 4 - Leikskólar  
MAT - Stóreldhús, smásalar - 1 - Vinnsla matvæla

#### Tengiliðir

Fljótshérað	4700700	fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is	Rekstraraðili
Kjartan Róbertsson	4700700	kjartan@egilsstadir.is	yfirmaður eignasjóðs
Sigríður Herdís Pálsdóttir	8544585	sigridurp@egilsstadir.is	Leikskólastjóri

V Þáttur - HES Matvæli

5 - Þrif og sótthreinsun

5.51 - Þrif og sótthreinsun

*Viðauki II kaflar I-V í reglugerð EB/852/2004 (103/2010)*

5.51.2 Framkvæmd þrifa

Í lagi

Sett inn: 10.02.2020

Eldhúsið var skoðað án fylgdar. Hreinlætisáætlun var ekki að finna en skv. skýrslu frá 2018 var þetta atriði án athugasemda. Verður skoðað sérstaklega í vettvangsheimsókn heilbrigðisfulltrúa í eftirliti 2020.

Eldhúsið var snyrtilegt að sjá.

10 - Meðhöndlun matvæla / vörn gegn mengun

10.51 - Meðhöndlun matvæla / vörn gegn mengun

*Viðauki II kaflar II, IV og IX í reglugerð EB/852/2004 (103/2010)*

10.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd

Í lagi

Sett inn: 10.02.2020

Skoðað var í matvælageymslur m.t.t. krossmengunar og voru þær án athugasemda.

12 - Hitastig matvæla

12.51 - Hitastig matvæla

*Viðauki II kafli IX, 5 og 7tl. í reglugerð EB/852/2004 (103/2010), reglugerð 506/2010 og reglugerð EB/37/2005 (1183/2007), hraðfrost matvæli*

12.51.2 Framkvæmd hitastigsmælinga

Í lagi

Sett inn: 10.02.2020

Hitastigseftirlit með kæli- og frystigeymslum er virkt og skráð á til þess gert eyðublað.

**Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

2.51.1 Leyfi frá HES til vinnslu matvæla

5.51.2 Framkvæmd þrifa

9.51.2 Framkvæmd söfnunar og geymslu matarleifa og sorps

10.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd

12.51.2 Framkvæmd hitastigsmælinga

Hollustuhættir

12 - 3HES-Hollustuhættir

12 - Aðbúnaður

12.1 - Almenn atriði

12.1.10 Öryggismál

Ábending

Sett inn: 11.02.2020

Ræstikompa/þvottahús var læst. Listakompa (ræstikompa), ræstikompur og aðrar geymslur voru ólæstar. Bent er á að allar geymslur sem börn eiga ekki að hafa aðgang að skulu vera læstar.

Klemmuvarnir voru í lagi, fyrir utan eina sem var brotin.

### 12.1.3 Salerni

Sett inn: 11.02.2020

Frávik

Skipta þarf um tvær klósettsetur á salernum barna, annars vegar inn á Kjarr og hinsvegar inn á Rjóður.

Fjarlægja þarf öll leikföng sem staðsett eru inni á salerni fyrir hreyfihamlaða.

Mynd 1



### 12.1.9 Húsnæði

Sett inn: 11.02.2020

Frávik

Athugasemdir frá eftirliti 2018 eiga enn við, þ.e. klósettsetur voru brotnar inni á salernum barna á Kjarr og Rjóður, og vegglisti var enn laus inni í hvíldarherbergi í Lundi og inni í geymslu við hliðina á starfsmannasalerninu.

Gera þarf við gólfdukk/vegglista á nokkrum stöðum en samskeyta hafa opnast þannig óhreinindi hafa safnast fyrir. Kítti var laust eða ekki til staðar á nokkrum stöðum, m.a. inni á Kjarr, Rjóður, Lundi, Lyng og inni í geymslu milli Rjóðurs og Lundar.

Hurð í hreyfisal var brotin neðst og klemmuvörnin einnig.

Ein veggflís vantar í anddyri fyrir framan Lauf.

Barr og Lauf voru án athugasemda.

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



### 12.1.1 Hreinlæti

Sett inn: 11.02.2020

Í lagi

---

Aðkoma var góð og húsnæðið að mestu snyrtilegt.

## 12.4 - Leiksvæði

Reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim m.s.br.

### 12.4.5 Annað

Sett inn: 11.02.2020

Ábending

---

Bent er á eftirfarandi:

- Fylgjast þarf með gormum í rugguhestum en skv. stöðlum endast gormar í u.þ.b. 6 ár en eftir 15 ár eru þeir taldir ónýtir.
- Sprungur voru í rólusætum og styttist því að skipta þurfi þeim út fyrir ný.

### 12.4.3 Öryggi

Sett inn: 11.02.2020

Frávik

---

Í skýrslu aðalskoðunar voru skráð 19 frávik. Mikilvægt er að frávikum sé raðar upp eftir alvarleika og gerð áætlun um úrbætur samkvæmt því.

Í aðalskoðunarskýrslunni er m.a. sett út á uppsetningu leiktækis (hringekja/snúningstæki-frávik nr. 16). Á meðfylgjandi mynd má sjá upplýsingar um hvernig uppsetningin á að vera (frá krumma.is).

Í eftirlitsferðinni voru eftirfarandi athugasemdir skráðar. Bent er á að athugasemdir/frávik í skýrslu frá 2018 eiga enn við.

- Borð í húsum voru byrjuð að losna og hefur hugsanleg klemmuhætta myndast, eða bilið frá vegg í borð var um 1 cm. Skv. skoðunarhandbók leikvallatækja frá Umhverfisstofnun skulu bil sem þessi ekki vera stærri en 8mm.
- Boltar stóðu út úr róm á nokkrum stöðum. Huga þarf sérstaklega að svæðum sem eru í höfuðhæð og sjá til þess að þeir boltar séu með tappa/huttur eða sökk í við.
- Stök rennibraut: Undir rennibrautinni, efst, er hola og geta leikskólabörn skriðið undir og ofan í holuna. Meðan á eftirlitinu stóð hafði vatn safnast fyrir ofan í holunni. Þetta þarf að laga hið fyrsta. Börn undir 4 ára geta drukknað við það eitt að detta með andlitið í 2-5 cm djúpan poll.

Það er því mjög mikilvægt að ekki geti orðið pollamyndun á leiksvæðum barna. Að auki þarf að sinna almennu viðhaldi með rennibrautinni en m.a. var viður brotinn við pall rennibrautarinnar.

- Alla staura úr járni þarf að mála upp í 1,5 m hæð.
- Klifurnet: Annar staurinn (viðurinn) er brotinn þannig skrúfa stendur út úr.

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



#### 12.4.4 Innra eftirlit

Sett inn: 11.02.2020

Í lagi

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Innra eftirlit með leiksvæðinu var virkt.

Aðalskoðun var framkvæmd 17.9.2019. Starfsmenn áhaldahúss sinna viðhaldi og koma reglulega á leiksvæðið en engar skráningar eru til staðar. Starfsmenn leikskólans sinna reglubundinni yfirlitsskoðun.

**Eftirfarandi skoðunaratríði voru skoðuð og reyndust í lagi**

---

Dröfn Svanbjörnsdóttir  
drofn@haust.is  
Heilbrigðisfulltrúi  
8939995

Til grundvallar eru lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum. Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit gekk í gildi í Evrópu árið 2006 og með samþykkt laga nr. 143/2009 var sú löggjöf innleidd hérlandis frá 1. mars 2010 og þar með gildir sama löggjöf um matvæli í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Löggjöfin fjallar um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fóðurframleiðslu og á Íslandi eru reglugerðir ESB innleiddar orðréttar sem fylgiskjöl með sérstökum gildistökureglugerðum. Í listanum hér fyrir neðan er eru íslensk númer reglugerðanna tilgreind og þær reglugerðir EB sem voru innleiddar með þeim.

**Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:**

**LS = Lagfært á staðnum:**

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

**F = Frávik:**

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og / eða óhæf til neyslu.

*Úrbætur verða metnar í næstu reglubundinni skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.*

**A = Alvarlegt frávik:**

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.

*Úrbótum skal ljúka innan 7 virkra daga eða innan raunhæfs tímafrests skv. mati heilbrigðisfulltrúa. Ef athugasemdin er þess eðlis að þörf sé á að stöðva starfsemi er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt vinnulýsingu í viðauka C. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.*

**ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:**

*Þegar athugasemd sem er fyrir á skýrslu og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.*